

# MINNISBLAÐ

Dags. 26. apríl 2022

**Viðtakandi:** Bæjarráð og fræðslunefnd Árborgar

**Höfundar:** Faghópur um málefni leikskóla í Árborg. Kjörnir fulltrúar: Gunnar E.

Sigurbjörnsson, Sveinn Ægir Birgisson og Tómas Ellert Tómasson.

Embættismenn: Atli Marel Vokes, Júlíana Tyrfingsdóttir, Guðný Ingibjörg

Rúnarsdóttir, Krístrún Hafliðadóttir og Þorsteinn Hjartarson.

**Efni: Minnisblað um næstu skref í fjölgun leikskóladeilda í Árborg**

Mánudaginn 25. apríl 2022 var haldinn fundur í Stekkjaskóla kl. 11:00 til að fara yfir möguleika á að stofna 2-3 leikskóladeildir eftir áramót 2022/2023 í núverandi húsnæði Stekkjaskóla í kjölfar þess að skólinn flytur starfsemi sína í nýtt skólahúsnæði.

Mættir: Gunnar E. Sigurbjörnsson, Tómas Ellert Tómasson, Atli Marel Vokes, Júlíana Tyrfingsdóttir, Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, Þorsteinn Hjartarson, Hilmar Björgvinsson, Ástrós Rún Sigurðardóttir og Hildur Bjargmundsdóttur.

Sveinn Ægir Birgisson og Krístrún Hafliðadóttir boðuðu forföll.

Á fundinum var horft til verðandi nemendafjölda í Stekkjaskóla og frístundaheimilinu Bjarkarbóli og fjölda barna á biðlistum eftir leikskólaplássi sem í dag eru fleiri en 60 börn. Allt stefnir í að frístundaheimilið þurfi að vera fyrst um sinn í færanlegu kennslustofunum vegna mikillar fjölgunar nemenda Stekkjaskóla næsta haust. Þá hafa skólastjórnendur Stekkjaskóla áhuga á að hafa eina stofuna fyrir hreyfistofu sem gæti einnig nýst fyrir frístundaheimilið og leikskólann. Hins vegar eru færanlegu stofurnar það margar að frá næstu áramótum ætti að skapast svigrúm til að vera með tvær til þrjár leikskóladeildir og frístundaheimili í húsnæðinu. Nýta jafnframt starfsmannaaðstöðu og mötuneyti fyrir alla starfsemina. Leikskólastjóri Jötunheima getur vel hugsað sér að leikskóladeildirnar verði hluti af þeim leikskóla. Það er því augljóst að samlegðaráhrif yrðu mikil og hagkvæmni í rekstri veruleg, meðal annars með sameiginlegum starfsmanni í eldhúsi sem vinnur bæði fyrir leikskóla og frístundaheimili.

Hvað þarf að gera til að þetta sé framkvæmanlegt?

- 1) Tryggja afgirta lóð fyrir nemendur leikskóla og velja leiktæki sem miða við aldur og þroska þeirra
- 2) Útbúa þarf rými fyrir hvíldaraðstöðu á hverri leikskóladeild
- 3) Koma upp skilrúmunum inni á leikskóladeildum

- 4) Koma upp skiptiborði inni á salernum og minni klósettum. Mjög gott ef skiptiborðin geta verið rafknúin.
- 5) Aðlaga fatahólf barnanna með aldur þeirra í huga
- 6) Gera þarfagreiningu vegna húsgagna og panta þau með góðum fyrirvara. Það á bæði við starfsmannaaðastöðu, mötuneyti, rými frístundaheimilis og leikskóladeildir.
- 7) Gera þarfagreiningu vegna húsbúnaðar og panta með góðum fyrirvara. Það á bæði við starfsmannaaðastöðu, mötuneyti, rými frístundaheimilis og leikskóladeildir. Nota búnaðarlista Goðheima.
- 8) Tryggja fjármagn í leikfanga- og föndurkaup
- 9) Tryggja fjármagn í tölvukostnað í samstarfi við UT deildina
- 10) Kostnaðargreina stöðugildi fyrir leikskóladeildirnar
- 11) Kostnaðargreina innkaup í mötuneyti og skoða hvaðan móttökueldhúsið fær matinn. Skoða þarf og kostnaðargreina einnig hver sjái um milliferðir á hádegisverðinum.

#### Samantekt:

Faghópurinn leggur til að hluti húsnæðisins við Stekkjaskóla verði aðlagð þannig að það nýtist sem 2-3 leikskóladeildir snemma árs 2023. Samhliða verði farið í að undirbúa hönnun og byggingu allt að 6 leikskóladeilda á auðri lóð við Jötunheima. Þannig verður leikskólinn Jötunheimar allt að 12 deildir fullbyggður.